



Undanþágur verkfallsheimilda

Árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. laga nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til. Stéttarfélögum var sent erindi á tímabilinu frá 26. október til 18. nóvember vegna þessa.

Þroskaþjálfafélag Íslands kallaði eftir frekari rökstuðningi vegna starfs deildarstjóra í málefnum fatlaðra og hafnaði beiðni um undanþágu fyrir forstöðumann Hvestu hæfingarstöðvar og skammtímavistunar. Frekari rökstuðningur var veittur fyrir þessi störf og í kjölfarið fékkst samþykki fyrir starf deildarstjóra og forstöðumanns í skammtímavistun, en beiðni um undanþágu forstöðumanns Hvestu var áfram hafnað.

Önnur stéttarfélög gerðu ekki athugasemdir og samþykktu undanþágubeiðnir.

Hér fyrir neðan eru drög að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda varðandi þetta mál. Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á auglýsingunni.

AUGLÝSING

um skrár (lista) Ísafjarðarbæjar skv. 5.-8. mgr. 19.gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna og lög nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til.

Lagt fyrir bæjarráð 12. desember 2022 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-8. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari/sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs	1 staða
Sviðsstjóri velferðarsviðs	1 staða
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs	1 staða
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Deildarstjóri í málefnum fatlaðra	1 staða
Deildarstjóri launadeildar	1 staða
Launafulltrúi	1 staða

Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Flateyri, Ísafirði og Suðureyri	1 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Þingeyri	1 staða
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar	1 staða
Forstöðumaður skammtí mavistunar	0,1 staða
Skólastjórar grunnskóla	4 stöður
Aðstoðarskólastjóri	1 staða
Leikskólastjórar	4 stöður
Aðstoðarleikskólastjóri	1 staða
Hafnarstjóri	1 staða
Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðar	1 staða

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Varðstjóri slökkviliðs	1 staða
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Sindragötu og Fjarðarstræti	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Pollgötu	0,9 staða
Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu	1 staða
Starfsmenn stuðningsþjónustu	2,2 stöður
Starfsmenn á dagdeild aldraðra Ísafirði	1,8 staða
Starfsmenn Hvestu hæfingarstöðvar og skammtí mavistunar	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.
Starfsmenn sólarhringsþjónustu Pollgötu, Fjarðarstræti og Sindragötu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun á hverju heimili.

Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 12. desember 2022.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri